


Apríl 1965

FÉLAGSBLAÐ NÝALSSINNA

TÍMARIT UM STJÖRNUSAMANDSMÁL



Útgefandi : Félag Nýalssinna
Pósthólf 1159, Reykjavík.

Ritstjóri : Þorsteinn Jónsson
Úlfsstöðum, Borgarfirði

Reikistjörnurnar og hlutfallsleg stærð þeirra.

Eins og þessi mynd ber með sér eru reikistjörnur sólkerfis okkar mjög misstórar. Jörð okkar er ein af þeim minnstu. Næst sól er Merkúrus, síðan Venus, Jörðin, Mars, Júpiter, Satúrnus, Úranus, Neptúnus og Plútó. Umferðartími reikistjarnanna er mjög misjafn eftir fjarlægðum þeirra frá sól. Umferðartími Úranusar er t. d. 88 dagar, Júpiter 11 ár og 315 dagar en Plútó 249 ár og 77 dagar. Mörg tungl ganga kringum suma af hnöttum þessum, t. d. ganga tvö tungl kringum Mars en 12 tungl kringum Júpiter. Júpiter er stærsta reikistjarnan og er að rúmmáli um þúsund sinnum stærri en jörðin.

FORMÁLI.

Formála þessa blaðs, sem ég sé ekki ástæðu til að hafa neitt langan, byrja ég með því að leiðrétta það, sem mest hefir farið aflaga í formála síðasta blaðs. Get ég ekki vel sagt um, hvað mér er þar að kenna og hvað ekki, því að frumrit blaðsins hefi ég ekki við hendina. En mjög vil ég biðja fjölritara að taka til greina leiðréttingar þær, sem gerðar eru samkvæmt frumteksta, en í síðasta skipti mun það ekki hafa verið gert nægjanlega.

Á þriðju síðu, 6. til 7. línu neðan frá, standa 5 orð, sem ekki eiga að vera, (sá gæti hér á jörðu), og ber að strika þau út.

Á fjórðu síðu, 17. til 21. línu ofan frá, ætti að vera eitthvað á þessa leið: Dreymdi hann þá, að hann hyrfi heim til sín, sem var um mjög langan veg. En á þeirri stundu gerðist það heima hjá honum, að mynd af honum féll niður af vegg og barið var á dyr. Þóttist hann valda hvortveggja, þar sem hann á engan annan hátt gat látið konu sína og dóttur verða sín varar.

Á fimmtu síðu, 19. til 21. línu ofan frá, á að vera þannig: Heitir hin aðsenda blaðagrein " Glímt við ódauðleikann ", en hefði, þar sem hún fjatlar um það að lengja lífið, heldur átt að heita " Glíma við dauðann ".

Nýlega rakst ég á í vörslum mínum gamla draumsögu frá Ingvari Agnarssyni, og þykir mér nú sú draumsaga miklu merki-
legri en áður. Læt ég hana ásamt fleiri draumsögum Ingvars koma næst á eftir hinni ágætu grein Bjarna Bjarnasonar, og segir þar, eins og lesa má, af sýn til tveggja stórstjarna, sem Ingvari þótti sér vera sagt, að dregið hefðu til sín allt efni af stórum himinsvæðum. Mun tilvera slíkra sólna hafa til þessa verið talin lítt eða ekki hugsanleg, enda reynir Ingvar að skýra þetta draumfyrirbæri sitt samkvæmt því. Nú hefir hinsvegar hið furðulega átt sér stað, að slíkar sólir hafi verið uppgötvaðar í órafjarlægum vetrarbrautum, og eru stjarnæðlisfræðingar og aðrir í hinum mestu vandræðum með að skýra og skilja þær staðreyndir. Eru sólir þessar sagðar hafa hundraðfalt meira ljósmagn hver fyrir sig en allar sólir vetrarbrautar vorrar til samans, og svo stórar eru þær, að þvermál þeirra kvað svara

til margra ljósára vegalengdar. Og þó er enn eitt, sem ekki er síður furðulegt við þessar ofursólir en stærð þeirra og ljósmagn. Það er sagt, að þær skipti um litblæ og birtumagn á svo skömmum tíma, að langt fari fram úr hraða ljóssins, og gæti hér orðið upphaf að því, að eðlisfræðingar hættu að takmarka alla tilverumöguleika við þann hraða. Enda var líka komist svo að orði, þar sem ég sá sagt frá þessu, að það sem menn til þessa hafi talið alheim, (og er þar sennilega átt við hina takmörkuðu alheimshugmynd Einsteins), kunnir að vera einungis hluti af stærri heild, og má segja að verið sé þar að færast í rétta átt. En hvað sem annars verður ályktað af þessari stjörnufræðinýjung, þá þykir mér nú sem draumur Ingvars megi teljast nokkur forboði hennar og vera bending um það, hvílíka möguleika stjörnufræðin felur í sér til aukins útsýnis og skilnings á heiminum.

Mjög hefi ég um skeið undanfarið verið vondaufur um framgang þess málefnis, sem ég fyrir löngu hefi látið mér skiljast, að framar öllu eða nálega eitt mætti verða til farsældar mannkyni. Er oft líkast því að verið sé að reyna að byrgja fyrir öll ljós stórra og ljósra hugsana, og er skýrt dæmi um slíkt sú afstæðisheimspeki, að ósannað sé, að jörðin hreyfist umhverfis sól. En auk fréttarinnar um fund stærri hluta en búist hafði verið við, að til gætu verið, er það einnig í sömu átt, að leit að skuli nú vera meira en áður eftir samböndum við íbúa annara hnatta. Er nokkuð sagt af slíku í Hugleiðingu Þorsteins Guðjónssonar, sem ég ætlast til að birtist hér næst á eftir draumum Ingvars, og má segja eins og Þorsteinn Erlingsson komst að orði forðum, að það séu "geislar þótt þeir skíni um nætur". Er ekki sízt eftirtektarvert, að slíkur maður sem Julían Huxley er að frægð og áliti skuli ekki alveg hafa látið það sem vind um eyru þjóta sem Þorsteinn hefir skrifað honum.

Nokkurt framhald er hér í blaðinu af þátttöku minni í útvarpsumræðum þeim, sem heyra mátti fyrir nokkru, og hefi ég hér ekki miklu við það að bæta. Auðvitað er það alveg rétt, sem sálfræðingurinn hélt þar fram, að samband sé á milli hugsana og skynjana, því að svo mikið er það samband, að án þess ættu sér stað hvorki skynjan né hugsun. En minna en ég hefði viljað kom ég því fram, að skynjanir býr maður sér aldrei til með einni saman hugsun sinni. Er gott dæmi um slíkt, sem ég segi frá einhverstaðar í "Samtölum mínum um íslenzka heimspeki", að fjárjarmur, sem ég þóttist heyra löngu eftir að ég heyrði hann raunverulega, heyrðist mér ekki án þess að eitthvert hljóð bærisk mér að utan. Þrátt fyrir allt var sú eftirskynjan raunveruleg skynjan en aðeins rangþýdd samkvæmt því sem vitund mín var orðin þreytt á áður.

Síðasta kaflann í "Enn um drauma og sýnir" vildi ég að lokum bæta þessu við: Því kvað hafa verið haldið fram, að N.N.

hafi logið því að hafa séð " svip " þann, sem talað var um þarna í kaflanum. En gegn því mælir það, að N.N. mun hafa sagt ýmsum öðrum en dr. Helga frá þessari sýn sinni. Þannig sagði hann Einari presti Guðnasyni frá henni og í öðru lagi Símoni Jóh. Ágústssyni, prófessor, og var N.N. sem E.G. sagði mér að væri hinn grandvarasti og sannorðasti maður, á engan hátt neyddur til slíks. Var svo að skilja af frásögn E.G. og eins því, sem mér var sagt eftir S.J.Á. eð N.N hafi mest furðað sig á því, að dr. Helgi skyldi vita um þetta áður en N.N. hefði getið um þessa sýn sína við nokkurn mann. Og þegar gætt er að þessari vitneskju dr. Helga, sem ekki verður með réttu véfengd, þá er hún alveg fullgild sömnum þess, að svo hafi í rauninni verið, sem hann lengi hafði kvartað um. Samband milli hans og Kaabers hefir áreiðanlega átt sér stað, og til meins hefir dr. Helgi ekki talið sér vera það, ef svo hefði ekki verið. Hitt kann aftur á móti að þykja óvarlegt að fullyrða, að Kaaber hafi verið á lífi eftir að hann var sagður dauður. En ástæður hefi ég til að halda því fram, að sambandsheill mundi hverjum reynast að gera sér ljóst, að fullgild ástæða hafi verið til að krefjast rannsóknar á þessu og að krafa dr. Helga um það hafi því í rauninni ekki gefið neina ástæðu til að ætla hann vitskertan.

Þorsteinn Jónsson.

HUGLEIÐINGAR UM ÍSLENZKA HEIMSFÆÐI.

Ef speki Nýals væri borin fram af nokkrum milljón-
um, þá nyti hún vafalaust mikillar lotningar.

Úr ritdómi eftir prófessor Magnús Jóns-
son, í Eimreiðinni 1922, bls. 187.

I. Þegar I. bindi Nýals kom út, vakti það að vonum mikla og verðskuldaða athygli margra. Fræðimenn rituðu um hann lof-samlega dóma, sem sjá má í blöðum og tímaritum frá þeim tíma. Sumstaðar má þar að vísu sjá að ekki gætti þar alltaf réttis skiln-ings á ýmsum atriðum þeirra kenninga, er rit þetta flutti. Þó held ég að flestir ritdómar, sem um þetta efni fjölluðu þá, hafi talið þær hafa fullan vísindalegan rétt á sér, sem eins-
konar ljósvörpu fyrir vísindamenn til rannsóknar, líkt og kenn-
ingar Brunós, Darwins og fleiri hafa verið undirstaða áriðandi framfara í vísindalegri þekkingu á heimi og lífi. - Uppgötv-

anir og kenningar dr. Helga Pjeturss eru þar í rauninni framhald af, en spanna yfir miklu stærra og óþekkt svið, sem nú er mjög aðkallandi að sem fyrst fáist þekking á, ef mannkynið á að njóta fullkomunar og farsældar á komandi tímum.

Þó undarlegt sé, er svo að sjá, sem nútíma fræðimenn hafi ekki veitt þessum uppgötvunum neina athygli. Manni dettur stundum í hug, að þeir telji starf dr. Helga á þessum vettvangi tóma markleysu og heilaspuna, sem ekki sé þess vert að því sé gaumur gefinn. Þetta er illa farið. Nú er þess að geta, að sum undirstöðuatriði í uppgötvun dr. Helga á eðli drauma, er svo nærtækt rannsóknarefni, að allir sem af alvöru fara að kynna sér það og athuga, munu fyrr eða síðar sannfærast um, að þar er í fyrsta sinn fundin rétta leiðin að ráða þessa erfiðu gátu, sem menn hafa glímt við frá örófi alda. Verður ekki frekar farið út í að útskýra, það hér að sinni, enda víða gert grein fy rir því í riti þessu. En sé svo haldið áfram að athuga þessi sjónarmið útfyrir þau takmörk, sem hver einstaklingur getur gert með rannsókn á svefnvitund sinni – og raunar vökuvitund líka – þá liggur í augum uppi, að hin stórfellda útsýn, sem við blasir sé eins og dr. Helgi staðhæfði og ekki öðruvísi, enda í fullu samræmi við þá þekkingu, sem þegar er fengin í náttúruvísindum.

II. Á þeim tíma, sem liðinn er síðan dr. Helgi birti niðurstöður sínar á hinum mörgu og fjarskyldu viðfangsefnum, er fróðlegt að rifja upp nokkuð af því, sem þegar hefir fengið staðfestingu þeirra, sem við þessi efni fást og önnur, sem virðast vera á leiðinni að því marki. Er þar fyrst að nefna að rannsóknir, sem gerðar hafa verið á seinni árum á ástandi hins sofandi manns, benda – svo langt sem þær ná – til þess er dr. Helgi staðhæfði um það atriði. Annað sem hann staðhæfði og færði rök að, var að stjörnur alheimsins væru byggðar lifandi verum. Margir merkir stjörnufræðingar töldu til skamms tíma allmikil tormerki á því og þá mjög takmörkum háð. Nú munu stjarnfræðingar vera komnir á aðra skoðun. Hið þriðja, sem nefna má, er að dr. Helgi hélt því fyrstur manna fram, snemma á öðrum tug þessarar aldar, að úrslitatímar væru nú í sögu mannkynsins. Flestir munu vera á því máli nú, þó að ekki hafi mönnum komið það í hug, þegar hann bar það fram, ef þeir þá ekki hafa talið það fjarstæðu. Í þriðja lagi er nú gaman að fá það staðfest frá geimförum, að lofthjúpur jarðarinnar sé blár eins og dr. Helgi taldi að vera mundi. Loks má benda á, að mjög hefir rás viðburðanna í sögu þjóðanna farið á þann veg, eins og hann sagði fyrir að fara mundi, ef önnur og heillavænlegri stefna yrði ekki upp tekin.

III. Hér hefir nú verið minnst á nokkrar staðreyndir lauslega, sem liggja ljóst fyrir. Hefir þeirra, af öðrum, verið getið hér í Félagsblaðinu. En þó eru þetta svo fáir, að kalla má "hróp-

andans rödd í eyðimörk". Mjög er nú aðkallandi, að fá réttan skilning á stöðu mannkynsins á alheimi. Nú þarf að beina vísindalegum athugunum með raunsæi að því að sanna tilvist æðri vera ofar manningum og ná sambandi við þær. Gera trúna á framhald lífsins að þekkingu, fyrir allan lýð. Þetta var sjónarmið hins mikla höfundar Nýals, sem allir þurfa að lesa. Auk hins mikla víðsýnis, sem rit hans veita, eru þau mjög göfgandi og mannbætandi lestur. Þessu atriði verður ekki með rökum móti mælt. – En þeim, sem efast um gildi úppgötvana og kenninga dr. Helga Pjeturss eðateljapær markleysu, má meðal annars benda á þau sannindi í sögu þekkingarinnar, að þær kenningar hafa reynzt og munu reynast réttar, sem leiða í ljós meira samræmi og fegurð í náttúrunnar ríki. Innsta eðli hinnar óendanlegu tilveru er þetta hvorutveggja.

Bjarni Bjarnason,

Brekkubæ.

DRAUMAR INGVARSS AGNARSSONAR

STJÖRNUDRAUMAR.

Mig dreymdi í nótt, að ég var einhversstaðar úti, ásamt öðrum manni og horfði til himins. Myrkur var. Sá ég ljósleitt, allbreitt belti, sem lá á ská upp himininn og sást í því ótölulegur grúi lýsandi örsmárra depla. Þótti mér þetta vera vetrarbrautin. En frábrugðið er þetta vetrarbraut okkar, eins og hún lítur út héðan af jörð, að því leyti, að þarna var hægt að greina stjörnur, sem örsmáa depla, en eins og við vitum, er það ekki hægt héðan.

Er ég nú renndi augum eftir þessari stjörnuslæðu eða vetrarbraut, vakti það alveg sérstaka athygli mína, að tvær stjörnur voru þar miklu bjartastar, með nokkru millibili, en umhverfis þær, hvora um sig, var hringmyndað svæði, þar sem alls engar smástjörnur sáust og var þar jafn dimmt, eins og utan við jaðra stjörnubeltisins.

Undraðist ég þetta nokkuð og fór að hugleiða, hverju þetta sætti. Þótti mér maðurinn, sem hjá mér var, taka eftir undrun minni og útskýrði hann þetta fyrirbæri á þessa leið: "Það hefur hlaupið ofvöxtur í þessar tvær stóru stjörnur, og með hinum

mikla aðdráttarkrafti sínum, hafa þær sogað í sig allar nærliggjandi sólstjörnur, svo að nú er autt mjög stórt svæði í rúminu allt í kringum þær".

Eitthvað fór ég að hugsa um örlög þeirra mannkynja, sem búið hefðu á jarðstjörnum þeirra sólna, sem sogast hefðu í eldhaf þessara risasólna. Svo vaknaði ég.

Draumgjafi minn í þessum draumi hlýtur að hafa verið á annarri stjörnu, því hvergi lítur himininn þannig út frá okkar jörð að sjá. En skýringin, sem ég fékk í draumnum á þessu fyrirbæri, hygg ég að ekki muni vera rétt. Ég hygg að þessar tvær stóru sólir, sem mest voru áberandi, hafi verið mun nær jörð draumgjafa míns, en sólnamorið bak við þær og hafi þessvegna sýnst svo stórar. En stjörnulausa dökka svæðið umhverfis þær, mundi geta stafað af því, að þær væru umluktar rykskýjum, nógu þéttum til að skyggja á fjarlægjar stjörnur, en þó nægilega þunnum til að sólirnar í miðju þeirra gætu skinið þar í gegn.

Úr okkar eigin vetrarbraut höfum við ýms hliðstæð dæmi. eru þar sumstaðar efnisþokur miklar, er skyggja á sólir, sem fjær liggja. eru sumar þessar þokur bjartar eða upplýstar af nærliggjandi sólum, eins og t. d. gasþokan í Óríonsmerkinu, en aðrar dökkar og skyggja á hluta af vetrarbrautinni, eins og t. d. Hesthausinn í Óríon og önnur, sem kölluð er Kolapokinn. Hringþokan í Hörpumerkinu minnir talsvert á draumsýn mína, því þar er hringmyndað þokuský og tvær stjörnur í miðju þess. En skýið er reyndar bjart.

Ingvar Agnarsson,

(29. nóv. 1960).

DRAUMSAMBAND VIÐ ILLAN STAÐ.

Mér þótti ég vera staddur í allstóru herbergi. Logaði þar eldur og virtist hann vera eini ljósgjafinn. Margt manna var þarna inni. Þótti mér þetta vera í klaustri.

Tveir menn lentu nú í miklum illdeilum og fóru að berjast heiftarlega. Þótti mér ég hafa mannaforráð þarna og skipaði þá svo fyrir að aðgangur þeirra skyldi stöðvaður. Fóru þá margir menn til og skildu þá að. Bauð ég þeim að fara með þá út og að þeir skildu láta þá sinn í hvorn stað. Sagði ég að slíkar illdeilur saurguðu þetta heilaga klaustur. Settist ég svo á bekk en hinir lögðu af stað með óróaseggina. En er þeir fóru fram-

hjá mér, á leið til dyra, fann ég streyma frá þeim sterkar hat-
urshugsanir til mín, af því að ég hafði látið aðskilja þá, svo að
nær allan mátt dró úr mér og var ég að því kominn að velta
magnlaus aftur á bak. Tókst mér þá að lyfta vinstri hendi ör-
lítið upp, til merkis um, að ég væri hjálparþurfi. Kom þá maður,
sem hjá mér stóð, tók í hönd mér og reisti mig upp. Rann þá
magnleysið af mér. Óróaseggirnir voru komnir út, en nú tók ég
eftir hvítum disk, sem þeir áttu og hafði orðið eftir á gólfinu.
Einhver gekk nú að diskinum og sparkaði í hann. Brotnaði þá í
hann skarð. Ekki þótt mér nóg að gert. Gekk ég að honum og
sparkaði einnig í hann. Brotnaði hann þá í ótal mola, sem dreyfð-
ust út um nokkurt svæði fyrir framan mig. Vildi ég með þessu
sýna fyrirlitningu mína á óróaseggjunum. En nú bar þá skelfi-
legu sýn fyrir augu, að öll brotin fóru að hreyfast. Og þau
stefndu öll í áttina til mín. Fann ég glögg, að þetta stafaði af
illum hug óeirðarseggjanna til mín. Það var eins og diskþrotin
hefðu magnast þannig. Ég vissi, að brotin mundu öll lenda á
mér og mundu þau valda mér miklu óláni, sem ég gæti ekki um-
flúið. Fylltist ég við þetta mikilli skelfingu. Vaknaði ég svo og
hafði mikinn hjartslátt og vanlíðan.

Þessi draumur virðist benda til sambands við illan stað og
magnaðri, en er hér á okkar jörð. Það, að mér finnst staðurinn
vera klaustur, er ef til vill ekki heldur út í bláinn. Því trúarleg
samstilling, sem ekki byggist á hinum rétta skilningi og þar af
leiðandi ekki á sannleika, hefur oft leitt til hins versta ástands
og árekstra á jörðu hér. Má því vel gera sér í hugarlund, að
samstilling slíkrar tegundar, á verri stöðum en okkar jörð er,
muni geta leitt til magnanar, meiri og óæskilegri, en við þekkjum
hér. Geri ég því ráð fyrir, að þessi draumur minn stafi af sam-
bandi við íbúa annarar jarðar, þar sem magnan illrar tegundar
getur átt sér stað.

Ingvar Agnarsson,

(6. okt. 1957).

(Lesið upp í Háskólanum 27. apríl, 1958).

DRAUMUR.

Mvd. 27. sept. 1961.

Mig dreymdi, að ég stóð úti einn. Þóttist ég vilja reyna að svífa beint í loft upp. Einbeitti ég huganum og gekk vel að lyftast frá jörð. Er ég kom nokkuð upp, lokaði ég augunum, sennilega til að geta betur einbeitt mér að fluginu. Fann ég að ég lyftist hærra og hærra. Er ég hafði þannig hækkað mig í loftinu all lengi, fór ég að hugsa að sennilega væri ég nú kominn geysihátt. Opnaði ég því augun aftur og fór að líta niður. Sá ég þá, að ég var afarhátt uppi. Hallaði ég mér áfram til að geta horft betur til jarðar, og varð við það nærri láréttur í loftinu, en á uppleiðinni hafði ég staðið lóðréttur. Er ég hafði stanzað þarna í loftinu, fann ég að ég varð að gæta mín að missa ekki jafnvægið, og fann aðkenningu af beyg, við að vera svona hátt í lausu lofti. Fann ég, að ekki mátti ég einbeita mér um of við að horfa til jarðar, heldur varð ég fyrst og fremst að einbeita mér að því að halda mér á lofti og í öruggri stöðu og náði ég brátt fullu valdi yfir hvorutveggja. Gat ég nú farið að horfa á landið fyrir neðan mig. Sá ég smáþorp beint undir. Síndust öll húsín mjög smá eða líkt og er að sjá hús úr flugvél í eins til tveggja kílómetra hæð. Eitt húsið var lang stærst, var það í miðju þorpinu, en önnur hús, sem mér þóttu vera íbúðarhús, voru þar út í frá á alla vegu, og virtust örsmá. Lengra frá þessu þorpi sáust svo önnur smáhýsi á stangli. Landið á þessu svæði virtist vera flatt en raunar er það ekki að marka, því þannig lítur alltaf út úr mikilli hæð.

Því miður var nokkuð dimmt yfir öllu, sem ég sá þarna á jörðu niðri, og litir voru alls ekki greinanlegir.

Þessi óskýrleiki stafar sennilegast af ófullkomnu sambandi mínu við draumgjafann, nema svo hafi verið að þarna hafi raunverulega verið um hálfgerð rökkur að ræða, sem ég tel þó ólíklegra.

Þessi draumur bendir þó til að um samband hafi verið að ræða við fullkomnari mannveru á öðrum hnetti. Því fullvíst tel ég að í draumnum hafi ég einungis skynjað það, sem annar maður lifði, svo sem ætíð mun vera í draumum.

Skrifað 27. sept. 1961.

HUGLEIÐINGAR.

Alveg er það rétt hjá Halldóri Laxness að Eddurnar hafa ekki verið hafðar í heiðri á Íslandi eins og skyldi. Stafar þetta þó ekki af því að engir Íslendingar hafi fundið til þess, að þetta þyrfti öðruvísi að vera, heldur hefur mátturinn og dýrðin venjulega verið hjá þeim, sem ekki hirtu um að Eddan kæmist í hendur "Eddunnar barna". En einnig og ekki síður stafar þetta af því, að menn hafa ekki vitað, hvað Eddan er. Edda er heimspeki, sögur af öðrum hnöttum, og þegar talað er þar um aðra heima, þá er veruleiki að baki slíkum orðum, en ekki hugarburður. Lýst er veðurlagi, gróurfari og gangi himintungla í hinum ýmsu heimum, að ógleymdu því, sem segir af íbúum þessara heima, og getur það allt átt við aðrar stjörnur. En að það er ekki beinlínis tekið fram, að svo sé, stafar einfaldlega af því, að menn vissu ekki þá, hvað stjörnurnar eru, né heldur vissu menn, hvar þeirra væri að leita, þessara heima, sem þeir höfðu svo mikið og merkilegt samband við.

Í bókinni "Þegar himnarnir opnast" eftir Arnald Árnason á Akureyri, er sagt frá ýmissri merkilegri reynslu, og oft mætti ætla eftir því, hvornig tekið er þar til orða, að höfundur væri að komast á rétta skilningsleið. Það er þó því miður ekki. Höfundur nefnir að vísu heimsskilning Brúnós og Helga Pjeturss, og er það gáfulegt af honum að taka þannig til orða. En honum er ekki orðið ljóst, að sá skilningur sé hinn eini, sem viðhlítandi er. Það væri þó ekki rétt að leggja harðan dóm á það, sem áfátt kann að vera sönnu raunsæi hjá slíkum manni, sem sambandsgefur er á óvenjulegan hátt og hneigður til goðfræðilegrar túlkunar mannlífsins. Slíkur maður er þó að hann fari að nokkru eigin leiðir, alltaf dálítið háður stilliáhrifum frá umhverfinu. En lærðist honum að gera sér grein fyrir því, sem þar kemur til greina, ætti honum að geta orðið auðveldara að láta sér skiljast, að engu gegnir að ímynda sér hina byggðu hnetti annarsstaðar en í geimi sólhverfa og vetrarbrauta.

Í forystugrein í Alþýðublaðinu nýlega, þar sem fróðlega er leitað yfirlits um alþjóðamál eða heimsmál, var talað um kapp stórveldanna á að ná fótfestu á "tunglinu og öðrum stjörnum" og hefðu menn orðið furðu lostnir yfir slíkum orðum fyrir ekki mörgum árum. En þó myndu menn ef til vill undrast enn meir, ef þeir gerðu sér grein fyrir annarri sókn "í átt á hin fjarlægðu himnamið", sem á sér stað jafnframt þessu í hugum manna víða um lönd. "Ég hygg að óhætt sé að vera viss um að kviknun lífsins á þessari jörð hafi ekki verið nein hending", skrifar stjörnufræðingurinn M. Ovenden í bók um líf á öðrum stjörnum (Liv i Universet, Cappelen 1964), gagnstætt því, sem rótgróin skoðun var ekki alls fyrir löngu. Mætti nefna nokkuð marga aðra, sem á líkan veg skrifa nú, en þó þykir mér annað allt eins miklum tíðindum sæta. Menn eru

farnir að tala talsvert opinskátt um " interstellar communication ", samband milli stjarna, og er þá átt við að vitneskja berist milli vitandi einstaklinga eða þjóðfélaga, yfir hið mikla djúp. Í haust er leið rakst ég á bók, sem bar þetta nafn, og var þar skari vísindamanna með ritgerðir sínar um þetta efni. Þarna var Þjóðverjinn von Hörner, Ástralíumaðurinn Bracewell, og skemmtilegt þótti mér að sjá, að ritstjóri bókarinnar, Cameron, var frá Winnipeg, því að þar í borg munu margir hafa kannast við og verið lesendur að Íslenzkri bók, sem nefnir interstellar communication, með þeim orðum á því máli, og það reyndar áratugum áður en aðrir fóru að taka þau upp.

Eins og við mátti búast, snerust ritgerðir þessar mest um það að ná loftskýtasambandi við íbúa annarra hnatta, og er þó ekki þar með sagt, að engir þessara vísindamanna gætu látið sér til hugar koma annað meira og eðlilegra. Datt mér í hug af þessu tilefni, að færa mætti þessa hugsun lengra fram, og í bréfi sem ég skrifaði próf. Julian Huxley nálægt áramótunum síðustu, vegna fyrirburða, sem taldir voru hafa gerzt í Bretlandi litlu fyrr, nefndi ég interstellar biocommunication, lífsamband milli stjarna. Þótti mér það skemmtilega framfaravænlegt, að Sir Julian skyldi í svari sínu taka þessi orð upp eftir mér, því að þeim orðum mun hann ekki hafa kynnt né hugsuninni, er í þeim felst.

Þorsteinn Guðjónsson.

ER MARK AÐ DRAUMUM ?

Ég verð að segja það eins og er, að út frá eigin reynslu minni get ég ekki svarað þessari spurningu alveg afdráttarlaust. Mér hefir að vísu fundist það stundum eða fannst einkum, þegar ég var unglíngur, að draumar mínir sumir væru eða hefðu verið fyrirboðar, og þá ekki sízt fyrir veðrum. En þegar ég fer að leita þar að ákveðnum dæmum, þá finn ég ekkert, sem getur alveg skorið úr um þetta, og er ég ekki þar með að segja, að ekki séu til ýmis slík dæmi. Eins og kunnugt er, þá eru til óteljandi frásögur um, að mönnum hafi vitnast eitt og annað í svefni, og tel ég ekki viturlagt að segja allt slíkt hafa verið skrök eða misskilning, þó að hins vegar verði maður að játa, að í þessu efni hefir verið mikið um ýmiskonar oftrú að ræða og þá um leið skort á raunsæi eða því að sjá alveg hið rétta.

En þó að ég geti þannig ekki út frá eigin reynslu minni einni saman svarað umræddri spurningu alveg afdráttarlaust, þá hefi ég fyrir löngu gert mér það alveg ljóst, að svefn og draumur eru

eins og dr. Helgi Pjeturss hélt fram, sambandsástand. Undirrót draums er sú, að í svefninum skiptir maður um vitund að nokkru og fær þátt í lífi og skynjan einhvers annars. Draumur eins er ævinlega að undirrót vökulíf annars, og má nú að vísu, þegar á þessa skilningsleið er komið, segja það alveg afdráttarlaust, að það geti vel átt sér stað eða sé a. m. k. hugsanlegt, að manni berist stundum í draumi ýmiskonar vitneskja. Eins og öllum ætti að vera ljóst, þá eru hugsanlegar aðeins tvær leiðir til þess að öðlast vitneskju. Önnur er sú að afla sér vitneskjunnar sjálfur af eigin rammleik og þá auðvitað vitandi vits. En hin er sú að þiggja hana af einhverjum öðrum, og væri það því hin ágætasta sönnun um sambandseðli drauma, ef fullgildar sannanir lægju fyrir um draumvitneskjur. En þar sem reynsla mín um slíkt er tæplega nógu fullgild, þá byggi ég ekki ályktun mína fyrst og fremst á henni. Sambandseðli draumanna, eða ályktun mína um það, byggi ég fyrst á hinu, hvernig draumar mínir raunverulega eru og hver aðdragandi þeirra er. Aðdragandi draums er sá, að maður fer að verða syfjaður, sem er í því falið, að vitund hans fer að gefa eftir og verða sljó. Svo kemur það, að manni fer að renna í brjóst, eins og svo merkilega hefir verið komist að orði um tilkomu svefnins, og er þá komið að því, að maður hafi gleymt sér til fulls og þannig með öllu orðið ófær til allrar sjálf-ráðrar hugsköpunar eða hugsunar. En þegar svo er komið, á það sér einmitt stað, sem mikil ástæða er til að kalla furðulegt eða ólíklegt, ef einungis væri þá um manns eigin vitund að ræða. Þegar hugur manns hefir gerzt óvirkur að mestu eða öllu og sjálf-skynjan manns er alveg úr sögunni, þá á sér þetta stað, sem kallað hefir verið draumur og óneitanlega er mjög líkt því, sem á sér stað í vöku. Draumurinn er sýnir og aðrar skynjanir ásamt ýmiskonar þáttöku í atburðum og lífi. Það liggur-alveg ljóst fyrir, að draumar eru skynjanir og atburðir miklu fremur en hugsanir um skynjanir og atburði. Minningar um draum eru alveg samskonar og minningar um atburði úr vöku, og er sannast að segja, að þrátt fyrir allar kenningar um undirvitundarstarf og annað slíkt, hefir aldrei verið sýnt fram á það með neinum ljósum og skiljanlegum rökum, að þessar skynjanir geti orðið til af engu. Sannleikurinn er, að það hefir aldrei verið sýnt fram á það, hvernig maður geti fremur í svefni en vöku látið sig sjá hugrenningar sínar eins og þegar horft er á hluti eða staði. Og þegar svo auk þessa er gætt að þeirri staðreynd, sem draumeðlisfræðingar hafa held ég veitt of litla athygli, þeirri staðreynd, að draumsýnir manns eru jafnan meira og minna ósamkvæmar því, sem hann ætlar þær vera, þá virðist mér, að í rauninni geti hér ekki verið nema um þá einu skilningsleið að ræða, að draumskynjanirnar séu manni komnar að utan, komnar manni fyrir samskynjan við einhverja, sem skynja og lifa raunverulega atburði, og að það séu því ekki minningar manns, sem vekji upp þessar sýnir, heldur séu það þessar aðkomnu sýnir, sem vekji mönnum upp

ýmsar minningar þeirra og litist af því. En til þess að sú sam-
skynjan eða það samband, sem hér er um að ræða, geti fært sof-
andanum vitneskjur um óorðna hluti og annað slíkt, yrði það, eða
einhver þáttur þess, að ná til einhverra þeirra, sem betur væru
vitandi en jarðarbúar eru, enn sem komið er. Enda er líka oft
það í draumsýnum manna, sem ekki getur hafa verið séð frá þess-
ari jörð. Á ég þar einkum við sýnir, sem stundum gefur til ókunn-
uglegra himinhnatta og stjörnumerka.

Þorsteinn Jónsson.

ENN UM DRAUMA OG SÝNIR.

I.

Ekki segi ég það alveg satt í þætti hér að framan og sem
fluttur var í útvarpssal fyrir nokkru, að engi ótvíræða eigin
reynslu hafi ég varðandi draumvitneskjur. Þegar ég fór að gæta
betur að, þá mundi ég eftir því, að eitt sinn vitnuðust mér í
svefni tvö mannslát, sem ég svo frétti daginn eftir en naumast
þó með sama hætti og í draumnum. Og aðra slíka draumvitn-
eskju get ég líka nefnt. Fyrir rúmlega 50 árum buðu sig fram
til Alþingis hér í Borgarfjarðarsýslu þeir Halldór Vilhjálmsson,
skólastjóri á Hvanneyri og Hjörtur Snorrason, fyrrverandi
skólastjóri á sama stað. En litlu eftir að kosningin hafði farið
fram, vitnaðist mér það í svefni, að Hjörtur hefði komist að
með 25 atkvæða meiri hluta, og var það samkvæmt því, sem
fréttist stuttu síðar.

II.

Eins og kunnugt er, þá eru til allmargar frásögur af því, að fólk
hafi í draumi heyrt eða lesið vísur og annað slíkt og munað svo,
þegar það vaknaði. Skal ég ekki fullyrða um raunveruleik sumra
slíkra frásagna, en þykir líklegt að oft hafi þar verið málum bland-
að. Nýlega rifjaðist þó upp fyrir mér eitt slíkt dæmi, sem ég hygg
að verið hafi raunverulegt, enda er nokkurnveginn auðsætt, hvernig
það er tilorðið. En þannig sagðist dreymandanum frá, sem var
öldruð kona, látin nú fyrir nokkrum árum. Þóttist hún lesa bréf til
stúlku, og var það biðilsbréf. Mundi draumkonan efni þess, þegar
hún vaknaði, og þegar hún svo hitti stúlkuna, sem henni þótti það
hafa verið til, þá las hún það upp fyrir henni. Tók þá stúlkun bréf
upp úr vasa sínum, og þekkti þar gamla konan bréfið, sem hún
þóttist hafa séð nóttina áður. En ekki fylgdi það sögunni, að stúlkun
hafi verið að lesa það, þegar draumurinn fór fram, en það þykir
mér líklegast.

III

Ekki neita ég því, sem sálfræðingar halda fram, að fyrir athugun á draumi megi oft komast að einu og öðru varðandi dreymandann. Mér þykir meira að segja líklegt, að í þessu hafi sálfræðingar rétt fyrir sér eins og auðvitað í ýmsu fleiru, og að hin svokallaða sálgreining þeirra út frá draumlífi manna sé því ekki markleysa. Rétt eins og atburðir í vöku snerta draumatvik við vitundarstrengjum sofundans, og er meira að segja ekki ólíklegt, að einmitt þá segi þeir strengir stundum betur til sín en í vöku, því að í svefni verður slökun á ýmsum hömlum. En vel ber þess hér að gæta, að ef vökuatviki er líkt við áslátt á strengi, þá sé draumatviki ekki líkt við hann. Draumur verður til eins og þegar strengur tekur undir með öðrum streng, sem slegið var á, og er út frá því vel skiljanlegt, hvers vegna draumar litast jafnan svo sem þeir gera af minningum dreymandans úr vöku eða virðast jafnvel eingöngu vera hljómur frá þeim.

IV

Nokkrum sinnum hefi ég vikið að því, í hverju svipsæi muni vera falið, og sagði ég fyrir nokkru hér í blaðinu frá dæmi, sem skýrir það vel. Hafði ég það dæmi eftir Kristleifi á Húsafelli. En nú skal hér segja frá öðru dæmi, sem Sveinbjörn Þorsteinson hefir sagt mér og einnig átti sér stað á Hvalfjarðarvegi. Hafði Sveinbjörn vakað nóttina áður en hann var þarna á ferð einn í bíl sínum, og var því syfjaður. Og þar sem hann ók nú veginn, sem var blautur svo að þar sátu pollar í dældum og holum, fannst honum hann aka um malbikaðan veg, en þó pollóttann. En auk þess að sjá þarna malbikaðan veg, sá hann þar einnig tvo menn, og voru þeir eitthvað að bogra við tunnu, sem rauk úr, og þótti honum, sem þeir væru þar að hita malbik til að láta í holurnar. En um leið og þetta bar fyrir, ók Sveinbjörn bílnum út í vegbrúna og vaknaði við, og var þá allt þetta horfið, nema hinn pollótti og ómalbikaði vegur.

V

Fyrir nokkru hafði ég orð á því í bréfi, að svipur sá, sem getið er um í greininni Fróðleg saga af svonefndum draug, (Þónýall, bls. 256 66 59), hafi ef til vill getað verið samskonar og svipur Jóns Einarssonar í Vestmannaeyjum, sem sagt er frá í bókinni Indriði miðill. Svo sem frásögn Sveinbjarnar bendir til og langeðlilegast er líka að ætla, þá eru svipsýnir og annað slíkt í rauninni ekkert annað en draumskynjanir, sem menn blanda saman við umhverfi sitt, og má þá gera ráð fyrir, að hver sem þannig var séður, viti venjulega ekki af því. En hvað draug þann snertir, sem segir af í Þónýalsgreininni, var þessu þó öðruvísi farið. Það liggur alveg ljóst fyrir, að draugur sá hefir séð N.N. alveg eins vel og N.N. hefir séð

hann. Og að þessu leyti kom mér í hug, að eitthvað líkt hafi verið um svip Jóns. Sá Indriði Jón þennan í fylgd með konu sinni tæplega ári eftir að hann hafði fyrirfarið sér, og hafði Indriði þá orð á þessari sýn sinni við förunauta sína, tvær stúlkur, sem ekki sáu svipinn. Og þar sem sagt er frá því síðar, að Jón þessi hafi mjög fylgt Indriða eftir þetta, þá þótti mér sem svipur hans, sem auðsjáanlega hefir þó einungis verið sambandssýn, hafi, eins og hinn fyrrnefndi draugur, eitthvað orðið var við það að vera séður. En stuttu eftir að ég hafði skrifað þetta, rann það upp fyrir mér, að þetta svipsæi Indriða er miklu líkara öðru svipsæi en því, sem í Þónýal er getið, og skal nú sagt frá því dæmi.

Maður nokkur, sem var víst eitthvað undir áhrifum áfengis, fór út í skip nokkurt til að leita sér að meira áfengi. En er hann kom þar, mætti hann eða þóttist mæta manni, sem honum varð þó ljóst, að var ekki raunverulegur maður, heldur einungis svipur manns. Hafði þetta einhver ónotaleg áhrif á hinn aðkomna mann, svo að áfengislöngun hans hvarf og hann sneri frá við svo búið. En eftir þetta fór hann nokkuð stöðuglega að sjá mann þennan, sem hann nú vissi, að verið hafði skipverji þarna, sem hann fyrst birtist, og að hann hefði ráðið sér bana. Og eitt sinn, þegar maður þessi, sem svipinn sá, var staddur heima hjá þeim, sem sagði mér frá þessu dæmi, þá þóttist hann enn sjá mann þennan inni hjá þeim. Spurði þá sögumaður minn, hvort hann sæi svipinn, ef hann lokaði augunum, og reyndist svo. Aðeins snöggvast minnir mig þó, að einhver truflun yrði við þessa athugasemd. En er hinn skyggni maður hafði haft augun lokuð um stund, varð svipurinn jafn skýr og áður, og bendir slíkt til hins sama og það, að stúlkurnar, sem voru í fylgd með Indriða, skyldu ekki sjá svip Jóns. Og nú vil ég biðja þá, sem þetta lesa, að lesa vandlega nefnda Þónýalsgrein og reyna að gera sér ljóst, hverskonar draug þar muni hafa verið um að ræða. Það kann að vera óvarlegt að fullyrða, að einhver samskynjan hafi ekki getað átt sér stað á báða bóga, þar sem voru þessi tvö samskonar dæmi, og má þó segja, að ekkert bendi til slíks varðandi hið síðar-talda. Þar virðist í rauninni ekki hafa verið um annað að ræða en draumsýn samskonar og þá, sem bar fyrir Sveinbjörn í Hvalfirðinum. Og þegar ég gætti betur að varðandi hið fyrirtalda dæmi, þá sá ég, að það er einnig að þessu leyti alveg eins. Í rauninni er ekkert, sem gefur neina vissu um það, að Jón hafi séð Indriða, þegar Indriði þóttist sjá hann í fylgd með konu sinni og barni, sem auðvitað hafa stillt Indriða til þessarar ákveðnu sambandsskynjunar og mótað hana um leið. Og sé nú Þónýalsdraugurinn ennfremur borinn saman við líkamning þann, sem skrifaði orðin: "stýrðu í norðvestur", og vikið er að í athugasemd hér í blaðinu, þá er enn um þennan sama mun að ræða. Líkamningur sá virðist ekki hafa gert sér neina grein fyrir því, að hafa verið séður, þar sem hann birtist. Hinsvegar segir í

Þónýalsdæminu af því, sem er alveg eins og þegar maður mætir manni á venjulegan hátt, og kynni því einhverntíma að verða litið svo á, að fullgild ástæða hafi verið til að taka undir kröfu um rannsókn varðandi það. Það er jafnvel ekki óhugsanlegt, að slík rannsókn verði látin fara fram, og að kráfan um að það verði gert, komi þá þaðan, sem ólíklegast mundi nú þykja.

Þorsteinn Jónsson.

KONUNGUR SANNLEIKANS OG KÆRLEIKANS OG KIRKJUNNAR MENN.

Góð þótti mér grein Ingvars Agnarssonar, Opið bréf til presta, sem birtist í Mbl. 20. des. s.l. Mundi eins og Ingvar segir þar, kirkjunni geta orðið að því hinn mesti ávinningur á tímum minnkandi trúaráhuga og kirkjusóknar að tileinka sér hinn nýalska skilning. Í stað hinna óljósu trúarhugmynda þarf að koma vísindalegur skilningur á framhaldi lífsins og sambandinu við æðri verur, sem í kirkjunni er með svo ófullkomnum árangri verið að leita eftir. Sambandsstöð við æðri heima og heilagan Guð mátti í útvarpinu heyra prest nokkurn nefna kirkjuna ekki alls fyrir löngu. En hvar eru þessir æðri heimur eða Guð eða Guðir, sem menn svo lengi hafa trúað á? Því hafa prestar hingað til því miður ekki svarað á nógu raunhæfan hátt. Guð föður á himnum tala þeir að vísu um að tilbiðja, en án skilnings á því, hvað þau orð merkja. En hvað er á himnum annað en stjörnurnar, ef að er gætt? Faðir vor, þú sem ert á himnum, þýðir því í rauninni, þú sem ert á annarri stjörnu. Þó að Jesú í þessari bæn til föðurins, sem hann kenndi lærisveinum sínum að trú á, tækist ekki að orða það svo, eins og ekki var heldur við að búast, þá ættu nútíðarmenn að geta séð, hversu það er miklu réttara. En orðin á himnum eru þó þarna eftirtektarverð mjög, því að með þeim er bent út fyrir jörðina, og er tími til kominn, að kristnum mönnum fari að skiljast, hvað í þeim felst, þó að sambandsveru Jesú tækist ekki að fá það ljósar sagt.

II.

Seint á aðfangadagskvöld var útvarpað náttöng frá dómkirkjunni. Herra Sigurbjörn Einarsson, biskup, messaði. Var þar þulin trúarjátning með fleiru, sem ávalt kemur mér til að minnast þeirra orða Helga Pjeturss, að hér á jörðu sé verið á útjaðri vitheims. Ekki veit ég, hvort biskupinn hefir í þessari ræðu sinni eitthvað haft í huga fyrrnefnt bréf Ingvars. En ólíklegt finnst mér það ekki, því að um geiminn og aðrar stjörnur ræddi hann allmikil, og þó að vísu á ekki sem jákvæðastan hátt. Á samhljóðm hnattanna minntist hann, sem fornir spekingar hefðu talað um, og sagði

Guðina skynja og njóta, en án þess að láta sig mannlegar þjáningar neinu varða, og skal biskupi ekki láð, þó að honum gætist ekki að því afskiptaleysi hinna sælu guða. En rangt held ég að hinum grísku guðum hafi þarna verið gert til. Af öllum mætti munu þeir, sem aðrir guðir leitast við að hjálpa mönnum, þó að mistök vilji verða á að koma þeirri hjálp hingað yfir geimdjúpin meðan menn verða ekki vitrari og samstilltari hinu guðlega en þeir eru. Sá náttúrufræðilegi skilningur Helga Pjeturss á guðum og æðri verum, sem byggist fyrst og fremst á því að vita, að þeir séu íbúar annarra hnatta, er það sem vantað hefir mest að fornu og nýju til þess, að samband manna við þá gæti orðið nógu fullkomið.

Með lítilsvirðingu talaði biskup um geimvísindi, geimskot og annað slíkt, og fullyrti hann, að maðurinn muni aldrei geta náð valdi á geimnum. Virtist honum ekki vera það neitt hryggðarefni. Þarna úti í geimnum, á öðrum hnöttum, er þar nokkurt æðra afl, spurði hann. Helzt virtist svo, sem honum hrysi hugur við að hugsa til annarlegra vera á öðrum hnöttum og ógnarlegra hnattsprenginga, sem stjórnufræðingar hefðu uppgötvað ekki alls fyrir löngu. Utan úr geimnum virtist hann því ekki vænta neins þess, sem skiptir menn verulegu máli. Komu konungs himnanna talaði hann hinsvegar um, að mestu máli skipti, og upplýsti menn þá jafnframt um það, að sá konungur hefði ekki komið með fljúgandi diskum eða neinu annarskonar geimfari, heldur hefði hann komið sem lítið barn.

Að vísu er það hárétt hjá biskupi, að til þess að sigrast á fjarlægðum geimsins, duga ekki þær aðferðir, sem enn er talað um og biskup minntist á, geimskot og annað slíkt. Og þó að alveg rétt sé það líka, að sá konungur himnanna, sem hann taldi Jesús vera, hafi ekki komið hingað með fljúgandi diskum, þá afsannar það ekki, að íbúar annarra hnatta geti átt eftir að heimsækja þessa jörð og hafa hér meiri áhrif til heilla en nokkurn grunar. En ekki mundu slíkar heimsóknir verða með geimförum, heldur yrðu um líkamninga eða hamfarir að ræða á þann hátt, sem Helgi Pjeturss hefir lýst, og yrðu þá fjarlægðir engin hindrun. Jesús fæddist hér sem barn og óx upp sem aðrir menn, rétt er nú það. En ætla verður þó, að hann hefði ekki orðið sá, sem hann varð, ef ekki hefði hann notið að sambands við guðlega veru, einmitt þá, sem hann nefndi föður sinn á himnum, og samkvæmt því, sem áður var hér sagt, hlýtur að hafa verið íbúi annars hnattar. "Mín kenning er ekki mín, heldur þess sem mig sendi" er eftir honum haft, og kraftinn, sem hann læknaði með, mun hann einnig frá þessum íbúa annars hnattar hafa þegið. – Sé Jesús kallaður konungur kærleikans, þá mætti ekki síður kalla Helga Pjeturss konung sannleikans. Og án þess að meta rétt hinn síðarnefnda verður sá fyrrnefndi ekki heldur rétt metinn eða skilinn. En með réttu mati er hér ekki átt við átrúnað.

S.H.

FRAMLÍFÐ OG STJÖRNURNAR.

Á gamlárskvöld var útvarpað aftansöng frá dómkirkjunni. Prestur var séra Jón Auðuns. Og eins og biskupinn hafði gert skömmu áður í prédikum á þessum sama stað, minntist Jón á stjórnurnar. Fannst honum réttilega ekki vanþörf á að taka fram, að fyrir löngu væri úrelt orðin heimsmynd sú, sem í kristinni trúfræði var byggt á. Lýsti hann síðan heimsmyndinni eins og hún nú væri orðin, þar sem jörðin væri ein meðal ótal stjarna eða sem svífandi sandkorn í geimnum. Og síðan fórust honum orð eitthvað á þá leið, að ekki væri laust við að heimsmyndin nýja miðaði til að vekja efasemdir um framhaldslíf eftir dauðann, þar sem örsmæð jarðlífsins væri svo auðsæ. Sannanir fyrir framlífi virtist hann þó telja vera fyrir hendi, og í því sambandi vitnaði hann í þrjár nýjar bækur eftir nafnkunna menntamenn, útlenda. Þannig talaði einn þeirra um, að slíkar sannanir væru til um það, sem fullgildar mundu vera taldar, ef um eitthvað annað væri að ræða. Kvað hann ekki nóg að segjast trúa á annað líf, eins og algengt væri, og þó að á upprisú Jesú væri bent sem framlífssönnun, þá nægði það ekki öllum. En hafi nú einhver sem hlustað hefir á þessa fróðlegu bókakynningu séra Jóns og tal hans um hina vísindalegu heimsmynd, verið farinn að gera sér vonir um, að hann gerðist ef til vill svo skemmtilega frumlegur að bregða sér með áheyrendur sína upp á hinn nýalska sjónarhól, þá hefir sá orðið fyrir vonbrigðum. Virðist hann til þess vera of háður því, sem hann hafði eftir Björkholm hinum sænska, að kirkjan óttist vald vísindanna og að kirkjunnar menn áræði því ekki að leggja trúmálin varðandi framlíf og annað undir vísindalega rannsókn. Má þar með sami segja, eins og Helgi Pjeturss orðaði það, að hræðsla prestsins stafi af misskilningi. Þó að ræða þessi væri góð og virtist borin fram af meiri framfarahug en venjulega verður vart hjá kirkjunnar mönnum, þá er það misskilningur að réttur skilningur á heiminum veiki trú á framlíf. Þvert á móti. Þegar farið væri að tala um líf eftir dauðann sem náttúrufræðilega staðreynd á öðrum stjörnum, þá mundi hin stórkostlega heimsmynd nútímans verða þar undirstaða. Frá sjónarhóli stjörnulíffræðinnar er mikilleiki heimsins staður fyrir hinar dásamlegustu hugmyndir varðandi óendanlega þroskabraut framlifenda.

S.H.

DRAUMAR HARALDS JÓNSSONAR.

I.

Árið 1917 réðst ég til Gests Einarssonar á Hæli í Gnúpverjahreppi til starfa í prentsmiðju austur á Eyrarbakka. Flutti ég

mig þangað um mánaðarmótin júní og júlí. Kona mín varð eftir hér í Reykjavík, þar sem hún var komin að því að ala þriðja barn okkar, Jón. Systir mín, Karitas, bauðst til að hjálpa henni bæði áður og þegar að fæðingu kæmi.

Eina nótt undir morgun dreymdi mig mann koma að rúmi mínu, rétta mér hönd sína og bjóða mér að koma með sér. Mér þótti ég liggja vakandi í rúminu, en svaf þó. Ég hikaði við og hugsaði, hvort ég ætti að fara með manningum, ákvað mig samt eftir augnablik, rétti honum hendina og reis upp úr rúminu. Við lögðum af stað út úr húsinu, gengum svo áfram eftir sléttum vegi, þar til við komum að hæð, sem við gengum upp, og svo að stiga.

Heldur þótti mér þetta leiðinlegt ferðalag og mest fyrir hálfmyrkur, sem var mestalla leiðina. En ég fékk ósjálfrátt traust á manningum, sem leiddi mig, og lét því ráðast, hvað sem hlytist að þessari ferð.

Loks komumst við upp á fasta jörð (af stiganum). Stöng-uðum þar fyrir utan dyr að annari jörð, sem ég hélt að væri þar fyrir innan. Ég hugsaði að fróðlegt mundi að sjá, hvernig hinum megin væri, og þá opnuðust dyrnar og ég sá nýja jörð. Þar var skínandi bjart og hvergi skugga að sjá. Fólk var þar allt ljósklætt og á iði fram og aftur. Þar sá ég nokkra öldunga koma. Þeir voru gráhærðir, en ljósklæddir sem aðrir, glaðlegir og hlakkandi fannst mér þeir vera yfir því að eiga brátt að flytja á aðra jörð. Krupu þeir niður við lága þúfu eða eitthvað þvífíkt og fóru að reyna að skyggjast í þá tilveru, sem mér þótti þeir eiga fyrir höndum. Jörðin þarna var mjallhvít með rauðum blómum og mjúk eins og gengið væri á þykkri ullaþreiddu. Sýndist mér fólkíð vera þarna hamingjusamt.

Þegar ég hafði virt þetta fyrir mér, kom að mér löngun til að fá að ganga þarna um einn míns liðs og vita, hvort lífan mín yrði þannig eins unaðsleg og hún virtist vera hjá fólki, sem þarna umgekkst hvað annað. En í því ég hafði þetta hugsað, var eins og maðurinn, sem hjá mér stóð læsi hugsanir mínar, þótt ekkert segði ég. Sagði hann mér vera heimilt að ganga einn og gerði ég það. Gott fannst mér að ganga á jörðinni, sem var mjúk og leið mér vel. Og er ég gekk þannig aleinn, hurfu mér samkvæmt ósk minni allir menn, þar til ég hugsaði, að gaman væri að hitta aðeins einhvern einn mann, sem vildi fræða mig eitthvað um lífið þarna. Í því sé ég mann koma gangandi á móti mér. Þegar hann nálgadist mig meir, sá ég að hann var Þorsteinn skáld Erlingsson. Rétti hann mér hendina, er við heilsuðumst, og sagði hann um leið: Mikið er nú gaman að sjá þig hér, Haraldur. Snýr hann svo við og gengur með mér áfram í þá átt, sem ég stefndi. Við tókum tal saman og spurði ég margs, sem ég hefi nú gleymt, en hann leysti þryðilega úr öllum spurningum mínum. Ég spurði hann m. a.

hvort honum þætti ekki óviðfeldið að hafa ekki veg til að ganga á. Þá svaraði hann: Ef við viljum fá veg, þá fáum við hann. Og undir eins var kominn rennisléttur vegur, sem við gengum eftir. Við héldum nú áfram og töluðum alltaf saman. Loks fannst mér við vera komnir út undir jaðar þessarar jarðar. Sé ég þá braut liggja upp með henni og áfram hærra. Þóttist ég þá skynja, að þá braut mundi Helgi Pjeturss fara, þegar hann yfirgæfi jarðlífið hér, og mundi hans leið liggja miklu hærra upp hjá þeirri jörð, sem við Þorsteinn gengum á. Svo spurði ég Þorstein, hvort hann kynni ekki illa við að sjá ekkert hús, sem hægt væri að ganga inn í. Þá svaraði hann eins og fyrr, að ef við viljum, þá sjáum við það, því að hér fáum við allt, sem við óskum. Og þá stóð hús við veginn. Við gengum þar inn í stóran sal, gluggalausan en þó hjartan, og var þar enginn stóll, ekkert borð eða neitt annað. Ég hafði orð á því, að óviðkunnanlegt væri að hafa ekkert af þessu, og kom þá sama svarið, að allar óskir væru uppfylltar undir eins, og stóðum við þá við stól og borð. Þá spurði ég hann, hvort hann kynni ekki illa við að hafa ekki bækur til að líta í. Og enn svaraði Þorsteinn því sama um leið og bækur voru þar komnar í bókahillu, sem á borðinu stóð. Þorsteinn tók eina og fór að blaða í henni. Ég stóð við borðið á meðan og var að hugsa um allt þetta, sem ég hafði séð og heyrt. Eftir dálitla stund lítur Þorsteinn á mig upp úr bókinni, sem hann var að blaða í, og segir: Jæja, Haraldur minn, nú mátt þú ekki vera lengur í þetta sinn og verður að fara héðan, en þegar þú vaknar og manst drauminn, hugsar þú eins og við vorum vanir að gera, þegar ég var hjá ykkur á jörðinni, að þetta hafi verið eins og hvert annað draumarugl, sem ekkert mark sé á takandi. En allt, sem þú hefir séð og heyrt er þó sannleikur. Og til marks um það, fréttir þú, að komið hafi barn til okkar frá ykkur með morgunsárinu kl. 5. Og vertu nú blessaður og sæll og þakka þér kærlega fyrir komuna.

Ég gekk nú frá Þorsteini og fram að dyrunum, sem ég hafði komið inn um. Þar beið mín maðurinn, sem fylgdi mér þangað, rétti mér hendina og leiddi mig niður á jörðina og að rúmi mínu, skildi ekki við mig fyrr en ég var lagstur í það og breiddi hann þá yfir mig og fór.

Er ég vaknaði, mundi ég drauminn, hugði hann annaðhvort markleysu eða að fjölgað væri hjá konu minni og barnið dáið. Klæddi ég mig, fór niður í prentsmiðju, opnaði lúgu, sem þar var á þilinu milli prentsmiðju og símstöðvarinnar, sem þar var til húsa, og var þá enginn mættur þar. En skömmu seinna heyrði ég komið þangað og bað þá um samband við systur mína, Karítas, og fékk ég það. Sagði hún, að öllu mundi líða vel heima hjá mér. Hún hafði farið frá konu minni um miðnættið og öllu líðið þá vel, og að húsbóndinn, sem byggi í næsta herbergi við konu mína, hefði lofað því að láta sig vita, ef breyting yrði hjá henni. Þegar

ég fékk þessar góðu fréttir, datt mér í hug, að draumurinn hefði líklega verið markleysa, en spyr systur mína, hvort þá sé ekkert annað að fréttu. Segir hún þá: Því er nú verr, Halli minn. Hann Eggert, maðurinn hennar Lóu systur var að ganga út héðan og sagði okkur, að hún María litla dóttir þeirra hafði dáið í morgun kl. 5.

II.

Aðfaranótt 23. maí 1951 dreymdi mig, að ég gengi niður að fjöru á einhverri strönd, sem ég kannast ekki við að hafa séð í vöku. Flætt var langt út. Botninn var sandleir. Skáhalt út sá ég djúp spor liggja. Ég þóttist hafa vitað áður, að þau lægju þarna. En þá var ekkert í þeim. En þegar ég nú kom þangað aftur, var í hverju spori mynd, skýr, falleg og vel smíðuð af Helga Pjeturss. Sporin voru djúp og stór, en nokkuð aflöguð, flest ferköntuð, en þó lengri á annan veginn. Ég gekk þarna framhjá, ofan til við sporin og yfir fjöruna, en þegar ég er að koma þarna aftur, gekk maður, (prentari og ípróttamaður, sem ég þekki, þótti mér hann vera), að efsta sporinu, tók úr því myndina og skoðaði hana. Þóttist ég þá sjá, að þetta mundu allt vera prentaðar myndir, og vantaði ekki mynd í eitt einasta spor. Voru þau samt mörg og lágu svo langt, sem ég gat séð út fjöruna. Sá ég þó glögg allar myndirnar, eins í fjarstu sporunum, sem þeim næstu. Mun fríðari fannst mér myndin sýna Helga en hann var hér. Allar voru myndirnar prentaðar á góðan pappír.

Haraldur Jónsson.

HVERNIG TALAST LÍKAMSFRUMURNAR VIÐ?

"Hvernig talast býflugurnar við", heitir grein, sem birtist í sunnudagsblaði Alþýðublaðsins þann 23. sept. sl., og kom mér í hug, þegar ég las þetta, hvernig frumur í lifandi mannslíkama muni talast við. Eins og ljóst mætti vera, þá getur naumast verið mikillar vitstarfsemi að vænta af heila einnar býfluglu og stórum minna en af heila hests eða hunds. Og þar sem flestum mun geta komið saman um, að hjá þeim dýrum sé ekki um neitt það að ræða, sem talizt geti mál eða tal, þá ættu líkurnar að vera enn minni til slíks hjá þessum smáverum, sem um flest eru miklu ófullkomnari. Hinsvegar er nokkur ástæða til samanburðar á því furðulega skipulagi, sem á sér stað í býflugnabúi, og frumskipan í einhverjum lifandi líkama, og gæti það, eins og sagt var í niðurlagi þessarar fróðlegu greinar, greitt fyrir skilningi á sambandi jarðarbúa við íbúa annarra hnatta, ef tengslin milli hvortveggja, býflugna í býflugnabúi og

fruma í lifandi líkama, yrðu betur kunn. Það er nú fyrir löngu hætt að þykja neitt undur eða ótrúlegt, að bein geislasambönd eigi sér stað á milli hluta, enda munu nú sumir fræðimenn vera farnir að fallast á, að slíkt samband muni einnig eiga sér stað á milli lifenda. Hugsanaflutningur eða fjarhrif er nokkuð það, sem margir munu hafa heyrt nefnt, og mun sá kraftur, sem þar kemur til greina, vera annar og á öðru stigi en rafmagn eða geimbylgjur, þó að hann um sumt hlýði líkum eða hliðstæðum lögum. Og þó að þess væri ekki getið í þessari býflugnagrein, þá er mikil ástæða til að ætla, að slíkt eigi sér nú einmitt stað á milli býflugna og býflugnadrottningar. Kennari og náttúrufræðingur, sem ég fyrir meir en 30 árum kynntist suður í Sviss, og gerði það vegna náttúrufræðiahuga að stunda býflugnarækt, sýndi mér eitt sinn mynd af því, hvernig býflugur ákveðins býflugnabús þyrptust um hönd manns, sem hélt á drottningu þess í luktum hnefa sínum, og leit þetta út líkt og þegar járnsvarf dregst að segulstáli. Það sem þarna kom til greina var auðsjáanlega ekki neitt "samtal", heldur beint lífsamband eða lífgeislunar-tengsl, enda man ég að kennarinn hafði orð á slíku. Og með því að líta þannig á, þegar rætt er um "samtal" býflugna eða annarra slíkra lífvera, gæti þekking og skilningur á því "samtali" orðið til þess að greiða fyrir árangri af þeirri viðleitni, sem nú virðist vera að vakna til að ná samböndum og samtali við íbúa annarra hnatta. Með því að fara að líta á sjálfa sig og aðra lifendur sem sambandstæki og með því að láta sér skiljast það, sem mikil ástæða er til að ætla, að þar sé um annan og miklu hraðgeislaðari kraft að ræða en nokkurn, sem þekktur hefir verið til þessa - kraft, sem svarar til ljósgeislans líkt og ljósgeislinn svarar til hljóðgeislans, hinna beinu hljóðflutninga í lofti, þá kynni sú viðleitni að fara að ná árangri. Og kæmust menn nú loks að því, sem lengi var haldið fram af Íslendingi, þótt flestum þætti sjálf-sagt að geta þess að engu, að sambönd þau, sem á miðilsfundum eiga sér stað, séu nú einmitt sambönd við íbúa annarra hnatta, þá verður hún auðleyt sú þraut, sem vikið var að þarna í greininni, að skilja þá og láta þá skilja sig á móti. Við framliðinn Íslending, sem orðinn væri íbúi annars hnattar, þyrfti auðvitað ekki að tala neitt annað en íslenzku.

Oslo í sept. 1964.

Þorsteinn Jónsson.

ÍSLENDINGAR REISI STJÖRNUSAMBANDSSTÖÐ.

I.

Þegar Eimskipafélag Íslands var stofnað, var leitað til þjóðarinnar allrar um fjárframlög. Urðu undirtektir svo góðar og almennar að nær því hver einasti fullorðinn maður lét eitthvað af hendi rakna og átti þetta eins við um þá, sem mjög voru fátækir, en það voru flestir landsmenn á þeim árum. Þetta sýnir hve almennur skilningur var á þessu nauðsynjamáli, og hve fórnfýsi almennings var mikil, til að hrinda mætti þessu stórmáli í framkvæmd. Með þessu sameinaða átaki allra landsmanna tókst þjóðinni að eignast sín fyrstu glæsilegu millilandaskip, sem urðu til að rjúfa einangrun landsins frá umheiminum og áttu eftir að stuðla að bættri afkomu allrar þjóðarinnar.

II.

Eins og stofnun Eimskipafélagsins varð til þess að bæta samgöngur við umheiminn og bæta lífskjör okkar, eins liggur nú fyrir annað verkefni, sem leysa þarf sem fyrst og sem síst er þýðingarminna. Til þess þarf helzt samhug og skilning allrar þjóðarinnar, á sama hátt og þegar Eimskipafélag Íslands var stofnað. Það verkefni, sem ég á við er stofnun stjörnusambandsstöðvar, en með tilkomu hennar og starfrækslu mætti búast við framförum meiri en orðið hafa enn í sögu þjóðarinnar. Samband það, sem fengist við fullkomnari íbúa annarra stjarna mundi verða til þess, að orkuástreymi til þjóðar okkar mundi aukast og margfaldast og koma fram í betra veðurfari og þar af leiðandi meiri ræktunarmöguleikum og enn betri afkomu þjóðarinnar, slysum mundi fækka og sjúkdómar minnka. Þegar þessa árangurs færið gæta hér mundu áhrifin einnig fara að ná til annarra þjóða og m. a. koma fram í betri sambúð þjóðanna og samdrætti vígbúnaðar en tortímingarhætta af völdum hans ógnar nú tilveru mannkynsins.

Þetta verkefni, að koma upp stjörnusambandsstöð, er svo aðkallandi að ekki má draga það von úr viti, og í því efni eru Íslendingar einfærir. Aðdragandi illra atburða á okkar jörð er það langt kominn, að líkast er því sem við séum að fara fram hjá því marki, sem stefnt hefur verið að með þróuninni til manns og mannvits, en það mark er að við vitkumst svo, að við getum vitandi vits tekið undir með hinum skapandi krafti, og stuðlað að því að hin góða stefna sigri hér á jörð. En það munum við bezt gera með því að mynda öflug samtök, og reisa stjörnusambandsstöð, þar sem færu fram sambandstilraunir byggðar á líffræðikenningum dr. Helga Pjeturss. Ef samtök væru öflug og skilningur á sambandinu almennur mundi jákvæður árangur koma fljótt í ljós.

Ingvar Agnarsson

apríl 1963

UPP KOMAST SVIK UM SÍÐIR.

Vísast til greinarinnar ER MARK AÐ DRAUMUM bls. 12

Við þessar ágætu athuganir frænda míns ætla ég aðeins að bæta atviki, sem fyrir mig hefur borið og ekki er merkilegt að öðru leyti en því, að ég fékk þar hugboð, sem rétt reyndist vera. Ég átti leið með manni seint um kvöld, og fór hann þá af sérstakri ástæðu að segja mér trúarsögu sína. En hann hefur lengi verið K. F. U. M. maður og mun þó áður hafa verið eitthvað hugsandi um trúarleg efni, og jafnvel haft einhverja hugmynd um Nýal. Sagðist hann um tíma hafa átt í "glötunarbaráttu" eftir því sem þeir taka til orða þar í K. F. U. M., en ég hygg vera sama eðlis og reynsla, sem menn af öðrum skoðunum hafa sagt mér frá, og mun þar vera um aðstreymi illra áhrifa að ræða. En meðan hann var að segja mér frá þessu og aðdraganda þess, flaug mér skyndilega í hug, að það hefði staðið í sambandi við tiltekinn atburð og spurði því manninn, hvaða ár þetta hefði verið. "Það var árið 1941" sagði hann. "Ekki vænti ég, að það hafi verið í ágúst?" spurði ég. "Það mun hafa verið í ágúst, sagði hann. Við þessi orð fannst mér eins og straumur færi á milli okkar, og litumst við í augu og var undarlegt að mæta augnaráði hans þarna í skímunni frá götuljósinu. "Það mun hafa verið þá sem Kaaber var að vinna sín myrkraverk", sagði ég. Virtist mér þau orð hafa heppileg áhrif á hann, og var greinilegt að hann rengdi ekki skoðun mína. En ekki varð ég þó var við að honum vaknaði neinn áhugi á að komast til botns í því máli og er hætt við að svo myndi fleirum fara, að þótt þeir vissu þarna sannleikann, þá létu þeir sig litlu varða.

Eins og margir munu hafa orðið varir við, þá hefur það mjög ótrúlegt þótt, að Kaaber hafi aðeins látizt deyja, og má þó segja, að dulrænuíðkara hafi verið það ætlandi öðrum fremur að "draga sig í hlé" á þennan hátt. Enn ótrúlegra var þó hitt, að nokkrir skyldu láta hafa sig til þess að aðstoða við þetta athæfi. Má búast við því að þá hafi iðrað þess oft síðan og hafi þó iðruninni verið samfara hræðsla við að hið sanna kæmi upp, Mun vera óhætt að gera ráð fyrir að hinna meðseku sé að leita í hópi þeirra, sem mest kapp hafa á það lagt að breiða það út, að Helgi Pjeturss hafi verið geðbillaður. En hver sá, sem nokkurntíma hefur tekið þátt í þeim rógi, ætti að gera sér ljósa grein fyrir því, hvaðan honum var sú hugmynd komin, því að af eigin reynslu óbrjáláðri mun enginn hafa getað dregið slíka ályktun.

Þorsteinn Guðjónsson.

VETPARBRAUTIR.

Með stjörnuháki, sem dregur miðlungi langt út í geiminn, þannig að hægt er að sjá stjörnu með birtumagn allt niður í 19, virðist svo sem miklu meira sé um vetrarbrautir á norðurhellingi himins, en með sterkustu stjörnusjám, sem draga allt að 23 birtumagni, jafnast þessi mismunur og kemur þá í ljós að vetrarbrautir eru ekki síður á suðurhveli himinsins. Við (eða okkar vetrarbraut) erum aðeins nær nokkrum vetrarbrautarhvirlingum á norðurhimni.

Með Schmidt stjörnusjámni 122 cm á Palamarfjalli hefur verið útbúið stjörnukort af því svæði geimsins, sem hann nær til, og eru á því korti meira en 600 stór vetrarbrautahverfi.

Stjörnufræðingar við Lick stjörnuathugunarstöðina í Kaliforníu, álíta að engar vetrarbrautir séu til nema í hvirfingum. Telja þeir að þessi vetrarbrautahverfi séu mun víðáttumeiri en álitid hefur verið allt til þessa. Telja þeir að innan hvers vetrarbrautahverfis fari fram einskonar aðgreining vetrarbrauta, þannig að stórar efnismiklar vetrarbrautir þ. e. a. s. hinar björtustu dragist að þungamiðju hvers hverfis, en hinar smærri, léttari, haldi sér við útjaðra þess. Hafa þeir komist að þessum niðurstöðum eftir að hafa veitt því athygli að einungis stórar og bjartar vetrarbrautir mynda kjarna hvers vetrarbrautahverfis, en þar fyrir utan eru svo litlar og daufar vetrarbrautir, sem mynda útjaðra hvers hverfis.

Áður sáu menn aðeins björtustu vetrarbrautirnar, af þeim, sem eru í mikilli fjarlægð, en með bættri tækni hafa menn nú uppgöðvað geysimikinn sæg daufari vetrarbrauta. Til dæmis má nefna vetrarbrautahverfið Cama I, (sam áður var kallað Pokuhreiðrið). Tvær björtustu vetrarbrautir þess hafa birtumagnið 13,2 og 13,5. Álitid var að í þessu vetrarbrautahverfi væru um 800 vetrarbrautir. Nú hefur verið uppgötvað að þessar 800 vetrarbrautir eru aðeins þær björtustu, og liggja þær um miðju hverfisins. Er nú komið í ljós að þvermál þessa vetrarbrautahverfis er um 7 sinnum meira en áður var vitað, – og að vetrarbrautir þess eru alls um 9.000. Fjarlægðin frá okkur til þessarar vetrarbrautarhvirfingar er um 120 milljónir ljósara, og þvermál hennar a. m. k. 20 millj. l. á.

Víða mætast jaðrar vetrarbrautarhverfa, svo að erfitt er að ákveða hvaða hverfum sumar einstakar vetrarbrautir tilheyra. Sennilegt er að ekki séu mörg svæði milli vetrarbrautahverfa, þar sem einstakar vetrarbrautir geti haldist, óháðar aðdráttarafli einhvers nálægs hverfis. –

Gera má ráð fyrir að sumar vetrarbrautir sem hafa mikinn hraða sleppi út úr áhrifa- eða aðdráttarsvæði þeirra vetrarbrauta-

hvirfingar sem þær hafa tilheyrt og verði tiltölulega óháðar. En hæpið er að gera ráð fyrir að mikið sé um svæði í rúminu, þar sem aðdráttar einhverrar vetrarbrautarhvirfingar gæti ekki, og mundu þá lausbeyslaðar vetrarbrautir fyrr eða síðar lenda í aðdráttarsvæði einhverrar þeirrar.

Nýjustu rannsóknir hafa leitt í ljós að ekki er einungis um það að ræða, að vetrarbrautir safnist í hópa og myndi vetrarbrautahverfi, heldur er einnig um að ræða enn stærri heildir, þar sem fleiri eða færri vetrarbrautahverfi safnast saman og mynda fylkingar af vetrarbrautahverfum.

Ingvar Agnarsson.

Heimilidarrit : L'univers eftir Paul Cauderc.

ATHUGASEMD.

Vel get ég fallist á þá skýringu Þorsteins Guðjónssonar varðandi draum Ingvars Agnarssonar um kýr og dansandi fólk, sem ásamt þeim draumi birtist í síðasta félagsblaði. Og sé miðillssamband ekki við vakandi mann á öðrum stað, þar sem einnig nyti að miðils, þá nálega hlýtur svo að vera, að ýmist sé hann vakandi eða í leiðslu. En hafi sambandsveran hinsvegar eingöngu verið sofandi og ekkert vitað af sambandinu, eins og stundum virðist hafa átt sér stað, þá held ég því fram eftir sem áður að hún hafi þar ekki getað verið ein um hituna. Þannig virðist mér t. d. um svip hins sofandi manns, sem bjargaði sjálfum sér og félögum sínum á nauðstöddu skipi með því að skrifa án þess að hann vissi á spjald í öðru skipi þessi orð : Stýrðu í norðvestur. Sýnist mér liggja alveg í augum uppi, að einhver annar og betur vitandi maður hafi verið þar að verki, því að ekki gat hinn sofandi maður af einum saman eigin rammleik vitað neitt um skipið, sem mátti verða honum og félögum hans til bjargar. En þótt annar hafi hlotið að vera þarna stjórnandi og í rauninni aðalgerandi, þá virðist það hafa verið sjálfur hinn sofandi maður, sem orðin skrifaði, því að svipurinn var hans og einnig skriftin. – Ég fellst á, að ekki sé vandræðalaust að halda því fram, að sambandsvera sé stundum í rauninni önnur en fram kemur eða hún segist vera, og að mikil þörf væri hér á auknum skilningi. En út frá hinum nýalska skilningi á eðli svefnis og drauma er heldur ekki vandræðalaust að halda hinu fram, að sofandi maður geti allskostar verið hann sjálfur og það þótt hann virðist tala gegnum annan sofandi mann eða á annan hátt gera vart við sig fyrir fjarhrif.

P. J.

UM ATHUGASEMD.

Mér þykir góð athugasemd þín við draumskýringu mína og ber ekkert á móti henni. En ég leiði hjá mér að brjóta heilann meira um þetta efni að svo stöddu, nema hvað ég býst við að sé þýðingarmikið á miðilsfundum að fundarmönnum finnist þeir vera að tala við tiltekna einstaklinga. Mér finnst alveg augljóst, að það sem þú hefir sagt um margfeldni sambandanna, sé rétt, og þegar ég hugsa betur um það, sem við kemur draumum, þar sem dreymandanum hefur fundist hann sjálfur vera gerandinn, þá þykir mér mjög líklegt, að það sem skapar þessa tilfinningu, sé aðeins vitund draumgjafans um það sem á sér stað. Hinu finnst mér síður ástæða til að falla frá, að í slíkum draumum gæti verið um að ræða einhverja þáttöku frá dreymandans hendi meir en í hinum venjulegu og ófullkomnari draumum. En slíka þáttöku hugsa ég mér þó aldrei án tilstyrks einhvers hins þriðja og lengra komins aðilja, eins og þú hefir talað um. Mér dettur Völuspá í hug í þessu sambandi, Skáldið hér á jörðu, hefir samband við völna, og í flestum vísum segir hann frá því, sem hún sjái eða viti. En á nokkrum stöðum verða áhrifin frá henni svo sterk, að hann segir EK, ekki um sig heldur hana, og er það í máttigustu erindunum. Og þá dettur mér líka það í hug, að það sem sagt er þarna, að mistilteinninn sé "völlum hærri" sé auðsjáanlega átt við eitthvert stórt tré á annarri jörð, en ekki þessa smávöxnu sníkjuplöntu hér, sem nafnið ber, enda er hann kallaður meiður í næstu vísu.

Úr bréfi frá P.G.

FUNDARGERÐIR.

Fundur 22. október 1964.

Fundur var haldinn í félagi Nýalssinna að Laugavegi 24. Formaður setti fundinn rétt fyrir kl. 10 um kvöldið. Því næst las Valdimar Guðlaugsson ritgerð þá í framyfningu, sem heitir Undir aldamótin 2000. Urðu síðan umræður nokkrar um efni hennar og fleira. Þá las Ingvar Agnarsson tvo drauma, sem hann hafði dreymt og í letur fær. Sérstaklega merkilegur var annar þeirra, að því leyti, að Ingvari þótti sem hann sæi stjörnu-merkið Óríon, en þó með nokkrum hætti frábrugðið því, sem það séð verður héðan af jörðu og þannig, að Ingvar gat þess til, að draumgjafi sinn hefði átt heima á jörð, sem væri miklu nær þessu stjörnumerki en okkar jörð.

Stefán Thorarensen las kafla úr fyrstu greininni á Sannýal, en þar segir m. a. frá spádómi A. J. nokkurs um eld-gos við Ísland, og með tilkomu Surtseyjar taldi Stefán þennan spádóm hafa ræzt. Sigurður Ólafsson hafði þá orð á því, að hann teldi ekkert því til fyrirstöðu, að menn gætu fengið hugboð um óorðna atburði, og nefndi í því sambandi Englending nokkurn, sem þeir Þorsteinn Guðjónsson og Þorsteinn Jónsson hefðu kynnst í Noregi nú í haust. En Englendingur þessi hafði sagt þeim frá því hugboði sínu, að nú í haust (október) myndi gerast á jörðu hér heimsögulegur atburður, jafnvel styrjöld. Datt fundarmönnum nú í hug, að hugboð þetta muni hafa átt við þau tíðindi, sem þegar hafa orðið í þessum mánuði, þar sem er fyrsta kjarnorkusprengja Kínverja og fall Krusjeffs úr valdastóli. Að menn gætu þannig fengið hugboð og óljós þó um atburði nálægrar framtíðar kvað Sigurður sér skiljanlegt, en ólíklegt taldi hann hinsvegar að unnt mundi vera að fá greinilega hugboðsvitneskju um einhvern ákveðinn atburð, t. d. neðansjávargos, mörgum áratugum áður en hann gerðist. Ingvar Agnarsson bar þá fram spurningu hvort ekki væri hugsanlegt, að lengra komnir íbúar annarra stjarna hefðu tök á því, að sjá hér betur miklu en við jarðarbúar aðdraganda eins og annars og það þótt inn í jörðinni væri. Undir þetta tók Haukur Sigtryggsson. Bætti Ingvar þá við, að aðdragandi Surtseyjargossins kynni þannig jafnvel að hafa verið byrjaður, þegar fyrrnefnd spá varð til.

Ýmislegt fleira var rætt á fundinum, og skal hér að lokum tveggja tillagna getið :

Stefán Thorarensen lagði til að aflað yrði góðrar ljósmyndar af Helga Pjeturss til að hengja upp þarna í húsnæði félagsins. Ennfremur stakk hann upp á því, að undir myndinni yrðu látin standa þessi upphafsorð Nýals : " Það sem þúsundir milljóna hafa haldið vera líf í andaheimi eða goðheimi, er lífið á öðrum hnöttum ". Fékk þessi tillaga Stefáns góðar undirtektir.

Sigurður Ólafsson lagði til, að haldinn yrði félagsfundur reglulega fyrsta miðvikudag hvers mánaðar í vetur í húsnæði félagsins að Laugarvegi 24. Sparaði slíkt fyrirkomulag meðal annars það að senda út fundarboð í hvert skipti. En hinsvegar taldi hann rétt að fá fundartilkynningu birta í dagbókum blaðanna í hvert skipti. Var einnig þessari tillögu vel tekið.

Fundi var slitið kl. rúmlega 11 og sátu hann 8 manns.

Sveinn Haraldsson.

Fundur 10. desember 1963.

Fundur var haldinn í Félagi Nýalssinna að Café Höll 10. des. 1963. Hófst hann kl. 20.20. Í fjarveru formanns setti Ingvar Agnarsson, gjaldkeri, fundinn og skýrði frá starfsemi félagsins að undanfögnu. Skýrði hann meðal annars frá því, að félagið væri að semja um sölu á húseign sinni Ljósheimum 20. Því næst las Elsa Vilmundardóttir úr Þónýal, og urðu umræður á eftir. Að lokum tók Sigfús Elíasson, sem var gestur á fundinum til máls og sýndi "dulræn" kort af Íslandi og skýrði þau og ræddi margt um spádóma og önnur dulræn efni. Gaf hann félaginu eintök af kortum þessum. Fleira gerðist ekki á fundinum. Fundi var slitið kl. 23.30.

Elsa G. Vilmundardóttir.

Fundur 18. febrúar 1964.

Fundur var haldinn í Félagi Nýalssinna í Café Höll þann 18. febrúar 1964, og var hann settur af formanni kl. 21.10. Mættir voru 16 manns, þar af ein hjón, sem komu til að kynna starfsemi félagsins.

Fyrst las Þorsteinn á Úlfstöðum stutt erindi eftir sig, og var eitthvað um það rætt á eftir.

Næst las Stefán Thorarensen kafla um sambandsmál úr Nýal, en á eftir urðu umræður varðandi eitt og annað. Meðal annars sagði Stefán Thorarensen frá draumi, sem hann hafði dreymt fyrir löngu og reynst honum fyrirboði. Um félagsmál var rætt, og kom þar fram, að félagið hefði hagnað allverulega á sölu félagsheimilisins, sem ráðist hafði verið í að kaupa nokkru áður. Síðast var þarna á fundinum talað um að senda Hallberg hinum sænska ritgerð Helga Pjeturss Íslenzka Snorra Sturlusonar, sem prentuð er í Nýal bls. 369 - 380.

Fundi var slitið kl. 11.30.

Guðlaugur Jósefsson.

KINDUR FINNST EFTIR TILVÍSUN MÆILS.

Inga Tamnes " fann " 12 kindur í Sunndal. Dýrin náðust í gær í góðu standi. " Ég hef lítinn trúnað lagt á frásagnir hinna svokölluðu "skyggnu" manna, en nú get ég ekki annað sagt en að ég er stórlega undrandi - ", segir Lars P. Svisdal, bóndi frá Svisdal í Sunndal í samtali við blaðið Tidens Krav, eftir að hann í gær hafði lokið við að bjarga heim tólf af Oxford-Down kindum sínum, sem hafa verið gjörsamlega horfnar síðan á fimmtudag í vikunni sem leið. Kindurnar fundust eftir nákvæmri lýsingu hinnar " skygnu " Ingu Tamnes nálægt við Röros.

Mánudur er liðinn síðan kindurnar komu af fjalli, og þær hafa haldið sér nálægt húsunum hérna, en síðastliðið föstudagskvöld í rökrinu, þegar óveðrið skall á, runnu kindurnar til skógar, án þess að láta eftir sig nokkur merki, segir Svisdal.

Eftir nokkurra daga árangurlausa leit datt mér í hug að hafa samband við Ingu Tamnes og ég var ekki almennilega búinn að útskýra málið fyrir henni í símanum er hún tók að lýsa öllum aðstæðum hér nákvæmlega og sagði að kindurnar væru staddar í hæð nokkurri í skóginum um fimm kílómetra fyrir norðan bæinn. Hún sagði að dýrunum liði vel og bað mig að hringja til sín daginn eftir, til að láta sig vita hvornig hefði gengið.

En henni hafði skjátlást með fjarlægðina, því þegar ég hringdi næsta kvöld og sagði henni að kindurnar hefðu ekki fundist, tók hún sig á hvað fjarlægðina snerti, og hvað kindurnar vera tvo kílómetra fyrir norðan bæinn. Það stóð líka alveg heima, því þar fundust kindurnar á mánudag, öllum hér til mikillar undrunar, segir Svisdal.

Vegna mikilla snjóþyngsla, tókst ekki að ná þessum verðmætu Oxford-Down kindum heim fyrr en í gær. Ásamt tveim dætrum sínum, sem eru átta og níu ára, hafði Svisdal bóndi rétt lokið við að koma dýrunum í hús, er við áttum tal við hann í símanum. Í Svisdalnum er nú 80-90 cm þykkur snjór og þau urðu að troða braut, til að geta komið dýrunum heim. Þau voru öll í góðu ástandi eins og Inga Tamnes hafði sagt.

Þessi fréttagrein mun hafa komið í norska blaðinu Tidens Krav í Nóvember 1964. Í henni virðist koma fram, að sú vitneskja, sem hin " Skygna " Inga Tamnes fær um verustað kindanna, sem týndust, hlýtur að vera komin frá einhverjum, sem vitað hefur betur en nokkur mannleg vera á okkar jörð.

Dýtt af I.A. 25/12 1964.

Efnisyfirlit:

Bls.	3	Formáli Þorsteinn Jónsson
-	5	Hugleiðingar um íslenzka heimsfræði Bjarni Bjarnason, Brekkubæ
-	7	Draumar Ingvars Agnarssonar Stjörnudraumur Draumsamband við illan stað Draumur
-	11	Hugleiðingar Þorsteinn Guðjónsson
-	12	Er mark að draumum ? Þorsteinn Jónsson
-	14	Enn um drauma og sýnir Þorsteinn Jónsson
-	17	Konungur sannleikans og kærleikans og kirkjunnar menn Sveinn Haraldsson
-	19	Framlífið og stjörnurnar Sveinn Haraldsson
-	19	Draumar Haraldur Jónsson
-	22	Hvernig talast líkamsfrumurnar við ? Þorsteinn Jónsson
-	24	Íslendingar reisi stjörnusambandsstöð Ingvar Agnarsson
-	25	Upp komast svik um síðir Þorsteinn Guðjónsson
-	26	Vetrarbrautir Ingvar Agnarsson
-	27	Athugasemd Þorsteinn Jónsson
-	28	Um athugasemd Þorsteinn Guðjónsson
-	28	Fundargerðir
-	31	Kindur finnast eftir tilvísun miðils Ingvar Agnarsson þýddi